



**Reykhólahreppur** Mariutröð 5a – Reykhólum 380 Reykhólahreppur  
Sími: 434-7880 fax: 434-7885  
Tölvupóstur: [skrifstofa@reykholar.is](mailto:skrifstofa@reykholar.is) [sveitarstjori@reykholar.is](mailto:sveitarstjori@reykholar.is)

Fundur haldinn í BRUNAMÁLA- OG ALMANNAVARNARNEFND Reykhólahrepps  
þriðjudaginn 4. maí 2010. kl. 13:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Mariutröð 5 a, Reykhólum.  
Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Egill Sigurgeirsson, Guðmundur Ólafsson, Hafliði Ólafsson, Bjarki Stefán Jónsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Egill bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. **1004034** Brunavarnaráætlun Reykhólahrepps, endurskoðun.  
Áæltunin var yfirfarin og gerðar á henni þær breytingar sem taldar voru nauðsynlegar.
2. Mönnun slökkviliðs, æfingar og menntun slökkviliðsmanna.  
Fjölga þarf í slökkviliðinu, fjölga æfingum og bæta menntun slökkviliðsmanna. Slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra falið að vinna í málinu.
3. Tankbíll. Rætt um brýna nauðsyn á að lokið verði við að koma fyrir dælu í tankbíl samkv. verklýsingu frá árinu 2006. Sveini Ragnarssyni gefinn frestur til 18. júní 2010 til að ljúka verkinu. Að öðrum kosti verði fenginn annar aðili til verksins.
4. Húsnæði slökkviliðsins. Rætt um nauðsyn þess að húsnæði slökkviliðsins að Suðurbraut 5 verði tilbúið til notkunar fyrir báðar bifreiðarnar fyrir 18. júní 2010.
5. Samstarf við nágrannaslökkvilið. Ákveðið að leita eftir samstarfssamningi við slökkvilið Strandabyggðar á svipuðum nótum og samningur er við slökkvilið Dalabyggðar.

#### Önnur mál.

1. **1004033** Ályktun aðalfundar Framfarafélags Flateyjar 6. mars 2010 um brunavarnir í Flatey.  
Nefndin lýsir sig tilbúna til samstarfs við félagið um brunavarnir í Flatey.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:15.

Egill Sigurgeirsson (sign) Guðmundur Ólafsson (sign) Hafliði Ólafsson (sign)  
Bjarki Stefán Jónsson (sign) Óskar Steingrímsson (sign)